

**FUNDARGERÐ FRAMHALDSAÐALFUNDAR
SAGA FJÁRFESTINGARBANKA 2011**

HALDINN AÐ HÖFÐATORGI, 14. HÆÐ, REYKJAVÍK OG HAFNARSTRÆTI 53, AKUREYRI

FIMMTUDAGINN 28. JÚLÍ KL. 16.30

Gunnar Þór Gíslason formaður stjórnar setti fundinn og fór með fundarstjórn. Fundarstjóri lagði til að Vilhjálmur Bergs færi með fundarritun á fundinum og voru engin andmæli hreyfð.

Til fundarins var boðað með lögmætum hætti. Mætt er fyrir 100% hluta í félaginu og fundurinn því lögmætur til þess að afgreiða þau mál sem á dagskrá hans eru.

Gengið var því næst til dagskrár.

1. KOSNING STJÓRNAR

Eftirfarandi framboð til fimm manna stjórnar og varastjórnar bankans hafa borist:

Gunnar Þór Gíslason
Ágúst Egilsson
Áslaug Gunnlaugsdóttir
Brynhildur Kristín Ólafsdóttir
Eggert Árni Gíslason

Til varastjórnar:

Geir Gíslason
Gunnar Leó Gunnarsson
Halldór Páll Gíslason
Kristinn Helgi Guðjónsson
Stefán Héðinn Gunnlaugsson

Þar sem engin frekari framboð hafa borist, lýsir fundarstjóri því yfir að framangreind séu sjálfkjörin í stjórn og varastjórn bankans. Engin mótmæli bárust.

2. KOSNING ENDURSKOÐUNARFÉLAGS

Stjórn Saga Fjárfestingarbanka leggur til að KPMG verði endurskoðunarfélag bankans.

Tillagan er samþykkt.

3. ÁKVÖRÐUN UM ÞÓKNUN TIL STJÓRNAR OG ENDURSKOÐUNARFÉLAGS

Stjórn Saga Fjárfestingarbanka leggur til að þóknun til endurskoðunarfélags verði skv. framlögðum reikningi. Lagt er til að þóknun til stjórnarmanna í bankanum verði kr. 125 þús. á mánuði og kr. 200 þús. til stjórnarformanns. Þá er lagt til að varastjórnarmenn bankans fái kr. 50 þús. á mánuði auk kr. 25 þús. fyrir hvern setinn fund.

Tillagan er samþykkt

4. STARFSKJARASTEFNA SAGA FJÁRFESTINGARBANKA

Lagt er til að fyrirbyggjandi starfskjarastefna bankans verði samþykkt. Fór fundarstjóri yfir þær breytingar sem gerðar hafa verið á starfskjarastefnunni. Að mestu sé hún óbreytt að undanskildum breytingum sem stafa af breytingum á lögum um hlutafélög og lögum um fjármálafyrirtæki.

Að því loknu var fyrirbyggjandi starfskjarastefna borin undir atkvæði fundarins og samþykkt samhljóða.

5. ÖNNUR MÁL

Önnur mál voru ekki borin upp á fundinum.

Fundarmen fólu Vilhjálmi Bergs að ganga frá fundargerð og senda viðeigandi tilkynningar til RSK. Því næst var fundi slitið kl. 16.15.

FUNDARSTJÓRI

FUNDARRITARI